

# Aurum by Guðbjörg fær góðar viðtökur á erlendri grund



15:45 | 25.11.2016 | TÍSKA

**G**uðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður og Karl Jóhann Jóhannesson MBA hafa undanfarin 3 ár verið að herja á breska markaðinn og hefur afraksturinn verið að skila sér vel.


Árið 2016 kynnti Aurum skartið sitt á þekktum sýningum í bæði Bretlandi og Svíþjóð. Aurum sýndi á Jewellery & Watch í Birmingham sem heldur eina stærstu vor sýningu fyrir allt það nýjasta í hönnun og vörum alls staðar að úr heiminum. Jewellery & Watch sýningin hefur verið haldin í 65 ár í febrúarmánuði og tekur á móti 17.000 gestum árlega. Sýningin er ein sú stærsta sinnar tegundar á Bretlandseyjum.



Cygnus hringur

Í september sýndi Aurum á International Jewellery London, sem er haldin í Olympia sýningarhöllinni í London. International Jewellery London hefur verið haldin í 61 ár og tekur á móti 10.000 gestum ár hvert.


Frá London lá leið Aurum beint til Svíþjóðar til að taka þátt í Precious – Nordic Watch and Jewellery Fair sýningunni í Stokkhólmi. 11 lönd tóku þátt í þeirri sýningu og um 4.000 gestir sækja sýninguna ár hvert.



Nanook hringur

Október 2016 hélt Aurum viðburð í íslenska sendiráðinu í London þar sem núverandi viðskiptavinum og öðrum gestum var boðið að koma og kynna sér nýjustu skartgripalínu Guðbjargar sem nefnist Cygnus. Einnig var hægt að sjá sýnishorn af vor línu Aurum 2017 sem ber nafnið Asterias.

Viðtökur erlendis hafa verið einstaklega góðar og er viðskiptahópur Aurum alltaf að stækka. Aurum er nú til sölu í yfir 25 skartgripaverslunum í Bretlandi. Einnig erum við staðsett utan Bretlands í Alaska, Belgíu, Noregi, Svíþjóð, Kanada, Írlandi og Kína. Viðræður eru hafnar við verslanir og söfn í fleiri löndum og verður það kynnt seinna. Aurum er með einn sölustjóra starfandi í Bretlandi og einn á Íslandi sem aðstoðar í Bretlandi og sér um allar sölur utan Bretlands.



Cygnus lokkar

Aurum hefur auglýst reglulega í blöðum á við Elle, Vogue, Jewellery Focus, Professional Jewellery og Association of Jewellers svo dæmi séu tekin.

Framundan eru spennandi tímar, Aurum mun vera með pop-up verslun í Takashumaya í Singapore í febrúar. Takashimaya er ein stærsta og virtasta verslunardejja Japan sem sérhæfir sig í hönnun og tísku. Verslunardejan er í Ngee Ann City byggingu sem er um 35.000 fermetrar. Velta keðjunnar er áætluð um 453 milljón bandaríkjadalir á ári og eru þar að finna verslanir frá Dior, Cartier, Tiffany & Co., Christian Louboutin og Louis Vuitton undir þaki Takashumaya í Singapore. Aurum mun halda viðburð í tengslum við opnun Pop-up verslunarinnar og þar verður konsúl Íslands í Singapore boðið ástam völdum gestum.


Fréttatilkynning þess efnis mun berast á næsta ári.



Cygnus armband

Frá Singapore fer Aurum til Bretlands og tekur þátt í Jewellery & Watch sýningunni, staðsett í Design Quarter eins og fyrr. Sýningin verður 5-9 Febrúar 2017.

Næst fer Aurum til Milánó þann 23-26 Febrúar 2017 og tekur þátt í Artistar sýningunni sem er á sama tíma og tísku vika Milánó. Artistar leggur áherslu á nútímalegt skart sem er sérstaklega valið inn fyrir listræna sköpun, sem er tæknilega krefjandi með dýpt í túlkun hönnunarinnar. Skart Guðbjargar mun prýða bókina Artistar Jewel sem verður seld bæði í Ítalíu og Evrópu og verður 5000 eintökum dreift til fagfólks innan geirans. Bókin er sett saman af Eugenia Gadaleta sem er markaðs- og almannatengsla stjóri Artistar sýningarinnar og Selene Oliva sem er tísku blaðamaður fyrir ítalska Vogue.



Bond hringur

Í Apríl 2017 verður Aurum í New York og tekur þar þátt í samsýningu í Museum of Arts and Design sem ber nafnið LOOT : MAD about jewelry. Sýningarár Guðbjörgu árið 2016 og byrjaði þar strangt ferli til að upfylla skilyrði safnsins fyrir þátttöku hönnuða. Sýningin er haldin árlega og 50 sérvaldir skartgripahönnuðir frá nokkrum löndum taka þátt og er þetta einstakt tækifæri til að hitta kaupendur og áhrifafólk innan skartgripa geirans, eins sækja gallerí eigendur sýninguna vel. Áhersla er lögð á sýningunni að kynna skartgripahönnun sem list og rennur allur ágóði sýningarinnar til safnsins til að fjármagna áframhaldandi sýningar og listræna kennslu hjá Museum of Arts and Design.



Nanook hálsmen

Þann 6. Desember mun Aurum kynna Cygnus formlega fyrir íslenskan markað, við munum hafa viðburð sem verður haldinn í verslun Aurum í Bankastræti 4, milli kl 17 og 20. Við munum einnig fagna 17 ára afmæli Aurum á sama degi en Aurum var stofnað í Nóvember 1999.



Bond hringur

Einnig verður kynnt skartgripalínan Bond sem er framtíðarverkefni til styrktar Göngum Saman. Á Hönnunarmars 2016 hannaði Guðbjörg armbönd til styrktar Göngum Saman, allur ágóði af sölu og vinnu að verkefninu rann beint til samtakanna. Guðbjörg vill nú halda þessu styrktarstarfi áfram með því að hanna og framleiða Bond og mun prósenta af ágóðanum af þeirri línu styrkja framtíðar rannsóknir á brjóstakrabba meini í gegn um Göngum Saman sem úthlutar þeim styrkjum. Bond er samsett af 4 mismunandi hönnunum á hrungum fyrir bæði kynin og tveimur tegundum af eynnalokkum. Innblástur línnunnar er *Tengsl, Nánd og Kærleikur*.